

Mál nr. 45/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanna.****Vátryggingartaki (X)****Skaðabótaábyrgð. Fyrning.****Gögn.**

1. Málskot dags. 24. janúar 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 11. mars 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. mars 2023 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Atvik eru í stuttu máli þau að M leitaði til lögmansins X vegna fjárskipta sinna og fyrrum sambýlismanns síns, Y. Úrskurður Landsréttar um opinber skipti vegna fjárslita X og Y var kveðinn upp 25. nóvember 2020. Hinn 13. nóvember 2020 sendi M kvörtun vegna starfshátta X til úrskurðarnefndar lögmanna. Nefndin kvað upp úrskurð sinn 18. nóvember 2021. Fyrir nefndinni kvartaði M m.a. undan því að X hefði ekki kært úrskurð héraðsdóms til Landsréttar innan tilskilins kærufrests, og ekki haft samband við M eftir að úrskurður héraðsdóms lá fyrir, en af lestri þess úrskurðar teldi M ljóst að skort hefði á að öll málsgögn væru lögð fyrir dóminn. Kvartaði M því einnig undan samskiptaleysi X svo og reikningum vegna vinnu hennar, þ.e. að gerður hafi verið reikningur vegna kærugerðar eftir að M hafi sjálf sent inn kæru. Niðurstaða nefndarinnar varðandi gagnaframlagningu var sú að öll gögn hafi komist að í málinu fyrir Landsrétti og af úrskurðum á báðum dómstigum megi ráða að atvik málsins hafi verið að fullu upplýst. Var því ekki talið að X, sem hafi fengið heimild Landsréttar til að skila inn öllum málsgögnum, hefði brotið gegn lögum eða siðareglum lögmanna hvað þetta varðaði. Það að X hafi ekki svarað símtölum og tölvupósti X innan hæfilegs tíma var hins vegar, með hliðsjón af þeim aðstæðum sem voru uppi í máli M, talið aðfinnsluvert og í andstöðu við siðareglur lögmanna. Úrskurðarnefnd lögmanna taldi það einnig aðfinnsluvert og í andstöðu við lög og siðareglur að X sendi kæru til Landréttar of seint. Það var hins vegar mat úrskurðarnefndarinnar að þóknun fyrir störf X hefði falið í sér hæfilegt endurgjald, en fyrir lá jafnframt að X hafði veitt afslátt af reikningum sínum sem nam um 1/3 hluta. Þannig hafi þóknun X verið 2.213.475, en þóknun samkvæmt skráðum tímum hefði verið 3.424.575 kr.

Í málskoti kemur fram að M krefjist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá M, vegna reikninga X, kr. 2.278.875, vegna þeirra upphæðar „sem hún hafði stefnt að fá í gegn með málflutningi“ kr. 10.946.315, og vegna kröfu sem hún hafi ætlað að hafa uppi á hendur Y, kr. 160.052. Samtals sé um að ræða kr. 13.385.242.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í úrskurði úrskurðarnefndar lögmanna komi fram að ágreiningslaust sé að M hafi komið viðbótargögnum að í málinu, og að við skoðun á úrskurðum héraðsdóms og Landsréttar verði ekki annað ráðið en að atvik hafi verið að fullu upplýst og að dómstóllinn hafi tekið afstöðu til þeirra gagna sem um ræði. Verði því ekki séð að X hafi sýnt af sér vanrækslu sem leitt hafi til tjóns fyrir M. Þegar af þeirri ástæðu sé bótaréttur ekki fyrir hendi. Telur V jafnframt að allar mögulegar kröfur M séu fyrndar, enda sé fyrningartími skaðabótakrafna fjögur ár sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Sá frestur hafi byrjað að líða við uppkvaðningu úrskurðar Landsréttar hinn 25. nóvember 2020. Hafi hann því verið liðinn þegar málskot M barst nefndinni.

Í viðbótarathugasemdum M koma fram ýmsar athugasemdir við málflutning V svo og lýsingar á samskiptum hennar við X og ýmis atriði sem tengjast Y og fjárslitum þeirra Y og X. Þá áréttar hún þá afstöðu að dómsmál hennar hafi tapast vegna „vanhæfni“ X, sem úrskurðarnefnd lögmanna hafi réttilega felld áfellingardóm yfir. X hafi alls ekki sinnt því máli sem hún var ráðin til og sé því krafist fullrar endurgreiðslu þóknunar. Hvað varði ummæli V um fyrningu þá hafi starfsmaður V þá sérstaklega sagt henni að hún gæti enn lagt málið fyrir nefndina.

Að öðru leyti eru ekki efni til að rekja frekar sérstök atriði í málflutningi aðila en verða þau ávörpuð í álitskafla eftir því sem tilefni er til.

Álit.

Í 1. mgr. 9.gr. laga um fyrningu kröfuréttinda segir að krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Í tilviki M telur nefndin rétt að miða upphaf þess tímamarks við þann dag sem úrskurðarnefnd lögmanna kvað upp úrskurð sinn, þ.e. 18. nóvember 2021. Var hugsanleg krafa hennar því ekki fyrnd þegar málskot barst nefndinni hinn 24. janúar 2025.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera þá ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Úrskurðarnefnd lögmanna komst að þeirri niðurstöðu að X hefði sýnt af sér aðfinnsluverða háttsemi með því að hafa ekki svarað erindum M með tímanlegum hætti enda beri lögmanni að svara erindum án ástæðulauss dráttar. Þá var það einnig talið aðfinnsluvert að X hefði ekki kært úrskurð héraðsdóms til Landsréttar fyrr en að kærufresti loknum. Hins vegar taldi nefndin að áskilin þóknun X vegna starfa í þágu M fæli í sér hæfilegt endurgjald. Byggði sú niðurstaða á því að X hefði skilað greinargerð ásamt kærumálgögnum til Landsréttar og vinna hennar við þann þátt málsins hefði því komið að fullum notum. Þá hafi X aðeins gefið út reikninga sem svöruðu um 2/3 hluta heildarkostnaðar, og hefði M því fengið afslátt sem nam u.þ.b. þriðjung.

Af framangreindu verður að telja sýnt að X hafi sýnt af sér saknæmt athafnaleysi í tengslum við störf hennar í þágu M. Eftir stendur hins vegar að sýna fram á hvort það hafi leitt til tjóns en sönnunarbyrði þess hvílir á M.

Kröfugerð M er ekki svo skýr sem best væri á kosið en í málskoti er bótakrafa M þó sundurliðuð með eftirfarandi hætti:

1. Krafist er bóta sem nemur þeirri fjárhæð sem M hafði stefnt á að fá í gegn með málflutningi vegna skuldar Y samkvæmt rekstrarreikningi vegna heimilishalds þeirra, kr. 10.946.315.
2. Krafist er bóta vegna kröfu sem M hafi ætlað að krefja Y um vegna uppgjörs vegna bifreiðar sem hann fékk í sinn hlut við búskipti þeirra kr. 160.052.
3. Krafist er bóta sem nemi fjárhæð þeirrar þóknunar sem M hafi greitt X vegna lögmanskostnaðar kr. 2.278.875.

Verður þá að taka til skoðunar hvort þessir kröfuliðir teljist byggðir á sannanlegu tjóni sem M hafi orðið fyrir vegna skaðabótaskyldrar háttsemi X.

Hvað varðar fyrsta lið er rétt að taka fram að það telst ekki tjón í skilningi skaðabótaréttar þó umbjóðandi lögmanns nái ekki fram þeim kröfum sem væntingar stóðu til. Til þess að krafa M samkvæmt 1. lið komi til álita þarf því að vera sýnt fram á réttur hennar hafi verið augljós og að skýr orsakatengsl séu milli skaðabótaskyldrar háttsemi X og þess að umrædd krafa náði ekki fram að ganga fyrir dómi. Af því sem fram kemur í málskoti má ráða að um sé að ræða kröfu M á hendur Y sem byggist á rekstrarreikningum heimilisbókhalds M, en Y hafi m.a. nýtt sér fé af sameiginlegum reikninga þeirra til persónulegrar einkaneyslu. Af greinargerð sem X lagði fyrir héraðsdóm verður ekki ráðið að krafist hafi verið greiðslu vegna þeirrar fjárhæðar, en málarekstur aðila snerist að meginstefnu um hvort söluandvirði tiltekinnar fasteignar skyldi koma til skipta. Af fyrirbyggjandi efnisskrám yfir málgögn í kærumáli fyrir Landsrétti má ráða að umrædd gögn hafi verið lögð fram, og bera gögn málsins með sér að vísað hafi verið til þess að Y hafi ekki greitt helming sameiginlegra útgjalda, við rökstuðning þess að umrædd fasteign hafi verið í eigu M einnar. Liggja ekki fyrir nein gögn um að vegna ágalla á málatalibúnaði af hálfu X hafi ekki verið sett fram krafa um greiðslu umþættrar fjárhæðar, né hefur verið sýnt fram á fýsileika þess. Jafnvel þó umrætt krafa hefði verið lögð fram er þá alls óvíst að hún hefði náð fram að ganga. Er því ekki talið sýnt fram á að um sé að ræða tjón sem rekja megi til skaðabótaskyldrar háttsemi X.

Sömu sjónarmið eiga í raun við hvað varðar annan lið, þ.e. kröfu í tengslum við bifreið sem Y fékk í sinn hlut. Í málskoti kemur fram að Y hafi lítið hirt um bifreiðina og ekki greitt lögbundin gjöld eða afborganir lána vegna hennar. Hafi M ekki viljað eltast við þessar greiðslur enda hafi hún viljað leggja áherslu á skuld samkvæmt rekstrarreikningi, þ.e. lið 1. X hafi vitað af þessari kröfu og getið hennar í greinargerð. M hafi þó farið fram á að sérstök krafa væri gerð fyrir dómi vegna þessa. Liggja ekki fyrir nein gögn um að vegna ágalla á málatalibúnaði af hálfu X hafi ekki verið sett fram krafa um greiðslu

umþrættrar fjárhæðar, né hefur verið sýnt fram á fýsileika þess. Jafnvel þó umrætt krafa hefði verið lögð fram er þá alls óvíst að hún hefði náð fram að ganga. Er því ekki talið sýnt fram á að um sé að ræða tjón sem rekja megi til skaðabótaskyldrar háttsemi X.

Hvað varðar þriðja liðinn þá liggur fyrir mat úrskurðarnefndar lögmanna á því að um hæfilegt endurgjald vegna þjónustu X hafi verið að ræða. Taldi nefndin því ekki að útgefnir reikningar X vegna lögmannsstarfa væru aðfinnsluverðir. Þá verður jafnframt ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að afsláttur hafi verið veittur af vinnu X. Úrskurðarnefnd lögmanna er réttur vettvangur til að bera fram ágreining um þóknun lögmanna, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 og verður samkvæmt framansögðu að líta svo á að úrskurður nefndarinnar varðandi endurgjald liggi fyrir. Verður því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu M hvað þennan lið varðar.

Að endingu verður þá að fjalla um þau atriði í störfum X sem sannanlega þóttu aðfinnsluverð að mati úrskurðarnefndar lögmanna, þ.e. að hún hafi ekki lagt fram kæru til Landsréttar innan tilskilins kærufrests og hafi ekki svarað erindum M innan ásættanlegs tíma. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður ekki séð að framangreind háttsemi hafi leitt til tjóns fyrir M, og kemur í fram í títtnefndum úrskurði að X hafi skilað greinargerð ásamt kærumálgögnum til Landsréttar. Hafi öll gögn því verið lögð fram. Verður því ekki séð að umrædd háttsemi X hafi leitt til fjárhagslegs tjóns M sem skuli bætt úr ábyrgðartryggingu X.

Af öllu framansögðu leiðir að M hefur ekki tekist að sýna fram á tjón sem rekja megi til atriða sem X beri skaðabótaskyldu vegna. Verður því að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins X hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir